

Fylgstíðni 21.01.1991

Landbúnaðarnefnd efri deildar Alþingis
b.t Þórðar Bogasonar

Alþingi


Erindi nr. Þ 113 / 429

komudagur 21 / 1 1991

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Héraðsskóga.

Félag skógarbænda á Héraði telur frumvarp til laga um Héraðsskóga, 236 mál, að 4. gr. sé ekki í samræmi við kynningu á verkefninu sem hefur verið í undirbúningi síðastliðin tvö ár. Félagið leggur á það áherslu að þessari grein verði breytt í upprunalegt horf. Einnig vísum við til áðursendrar umsagnar um frumvarpið eftir að það var sent okkur á seinasta sumri og hjálaga bréf sem sent var til landbúnaðarnefndar efri deildar dags. 18.12.1990. Við ítrekum ósk okkar um að þetta frumvarp verði afgreitt sem allra fyrst ef verkefnið á að verða að veruleika.

F.h. Félags skógarbænda á Héraði



Edda Björnsdóttir
formaður

Egilsstöðum 18.12.1990

Til Landbúnaðarnefndar
efri deildar Alþingis.

Efni: Frumvarp til laga um Héraðsskóga.

Hæstvirtir alþingisþingmenn.

Það er ósk okkar að 4. gr. frumvarps til laga um Héraðsskóga verði samþykkt óbreytt eins og greinin var lögð fram á seinasta þingi. Breytingar þar sem gerðar hafa verið á 4 gr. lagana í meðförum stjórnarflokkana nú í haust munu hafa örlegar afleiðingar fyrir verkefnið. Þar að auki lítum við á þetta sem skref afturábak þar sem skógrækt hefur verið stunduð í áratugi í Fljótsdal (svonefnd Fljótsdalsáætlun) með fullum stuðningi ríkisins. Breytingin gerir ráð fyrir að bændur í þeim 6 hreppum sem verkefnið tekur til, greiði um 5 m.kr árlega. Vegna niðurskurðar og samdráttar í landbúnaði á Héraði eru þessir fjármunir einfaldlega ekki til.

Mikil undirbúningsvinna varð til þess að samstaða 90 landeigenda náðist miðað við frumvarpið eins og það var lagt fyrir Alþingi á vordögum 1990. Við þessa breytingu 4. gr. þykir fullvist að um 70 jarðir falli út, þar með er grundvöllur verkefnisins brostin. Allar uppgæfnar landstarfi skógræktarlandsins og forsendur fyrir kostnaðaráætlun frumvarpsins er því hrúin til gramma. Þetta þýðir að öll undirbúningsvinna hefur verið unnin fyrir gíg, þar 35 m.kr sem ríkið hefur lagt til verkefnisins tapast.

Augljóst er að nýstofnað hlutafélag um byggingu og rekstur gróðrastöðvar verði gjaldþrota strax á næsta ári. Þetta form hlutafélag var stofnað að fyrirskipan stjórnvalda til að fullnægja plöntuþörf Héraðsskóga. Ríkið hefur keypt hlutafé fyrir um 10 m.kr, Framleiðnisjóður 5.5 m.kr og á annaðhundrað aðilar hér á svæðinu hafa keypt hlutafé fyrir um 8 m.kr. Þar sem Fljótsdalshérað er nær eina mögulega markaðssvæði fyrir þá framleiðslu sem verður á næsta ári í gróðrastöðinni, er ljóst að breyting 4. gr. hefur gjaldþrot í för með sér og þar með fer förgörðum allt það fé sem ríki og einstaklingar lögðu fram í góðri trú til þessa hlutafélags. Þegar þetta hlutafélag var stofnað hafði engin minnst á að til stæði að breyta 4. gr. frumvarpsins. Það hafa verið gerðir bindandi samningar við fjögur fyrirtæki um byggingu gróðurhúss fyrir 26.2 m.kr má gera ráð fyrir að eitthvert þessarra fyrirtækja fylgi með komi til gjaldþrots.

Alþingi

Erindi nr. Þ 112 / 1275
 komudagur 9 / 10 1970

Egilsstöðum 28 ágúst 1190

Landbúnaðarnefnd efrideildar Alþingis
 Alþingi
 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Héraðeskóga.

A fundi hjá félagi Skógarbænda á Fljótadalshéraði þann 15 ágúst s.l. var gerð eftirfarandi samþykkt:

Stjórn félags Skógarbænda á Héraði leggur eindregið til að annari gr. frumvarpsins verði breytt þannig, að í stjórn Héraðeskóga verði 5 menn í stað þriggja, og verði hún skipuð þannig:

- 1 verði frá Landbúnaðarráðuneyti
- 1 frá Skógrækt ríkisins
- 1 frá Búnaðarsambandi Austurlanda
- 2 frá félagi Skógarbænda.

Stjórnin telur nauðsynlegt að heimamenn hafi sterk atök í þessari stjórn, þar sem þetta er ákveðið landshlutaverkefni.

Félagið leggur mikla áherslu á að frumverpið verði afgreitt sem lög frá Alþingi fyrir áramótin 1990 - 91, því mikill og almennur áhugi er á meðal bænda að taka þátt í þessu verkefni og verða menn að hafa traustann grunn til að byggja á.

F. h. félags Skógarbænda á Héraði,

Edda Kr. Björnsdóttir
 Edda Kr. Björnsdóttir formaður

Í ljósi ofangreindra atvika óskum við undirrituð fyrir hönd Félags skógarbænda eftir að 4. gr. verði breytt í upprunalegt horf. Með því móti gætu hestvirtir alþingismenn afstýrt meiriháttar slysi og þar með bjargað þessu góða máli.

Virðingafyllst,
Stjórn Félags skógarbænda

Edda Björnsdóttir
Edda Björnsdóttir

Guttormur V. Þormar
Guttormur V. Þormar

Vikíngur Gíslason
Vikíngur Gíslason

Gísli Guðmundsson
Gísli Guðmundsson

Eyþór Hannósson
Eyþór Hannósson

D
Afrit sent til: Landbúnaðarráðherra og þingmanna
Austurlands